

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, Heiðarholt, Sólberg, Veigastaðir, Hallland og Vaðlabbyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. ágúst 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, frá 27. ágúst 1995.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í landi Heiðarholts verður nýtt 2,5 ha íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir allt að 3 íbúðarhúsalóðum tengt heimreið að býlinu.
2. Í landi Sólbergs stækkar íbúðarsvæði neðan Þjóðvegur úr 2,8 ha í 3,8 ha og verður heimilt að byggja allt að 12 hús í stað 9 húsa. Lágmarksstærð lóða verður 2.000 m² í stað 2.500 m². Þar verður einnig reist nýtt fráveitumannvirki vegna útrásar til sjávar með grófhreinsun.
3. Í landi Veigastaða II og Halllands verður nýtt 2,8 ha íbúðarsvæði, þar sem gert er ráð fyrir allt að 7 íbúðarhúsalóðum og verður lágmarksstærð lóða 2.000 m².
4. Í landi Veigastaða II verður nýtt 3,9 ha íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir 4 íbúðarhúsalóðum með tengingu við Vaðlaheiðarveg.
5. Í landi Veigastaða II stækkar íbúðarsvæðið um 1,1 ha þar sem gert verður ráð fyrir allt að 3 íbúðarhúsalóðum.
6. Í landi Veigastaða I breytist 1,4 ha af frístundabyggðinni Kotabyggð í íbúðarsvæði þar sem gert verður ráð fyrir 2 íbúðarhúsalóðum í framhaldi af íbúðarbyggðinni Vaðlabbyggð. Þar er 1 frístundahús sem breytist í íbúðarhús.
7. Íbúðarsvæðið Vaðlabbyggð stækkar til norðurs úr 10,7 ha í 11,4 ha þar sem gert verður ráð fyrir allt að 22 húsum í stað 15 húsa.
8. Í landi Veigastaða I verður nýtt 26,8 ha frístundabyggðarsvæði þar sem þéttleiki verður 1-3 hús á hektara og lágmarksstærð lóða 3.000 m².
9. Mörk frístundabyggðar í landi Halllands og Veigastaða leiðréttast og við það minnkar frístundabyggðarsvæði í landi Halllands lítillaga.
10. Íbúðarhúsalóðum í Vaðlabrekku fjölga úr 12 lóðum í 14 lóðir syðst á svæðinu og jarðamörk að norðan lagfærð og við það stækkar svæðið úr 5,7 ha í 6,0 ha.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. ágúst 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.